

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2006

frá 27. janúar 2006

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/293/EB frá 1. apríl 2005 um nákvæmar reglur um eftirlit með markmiðum um endurnotkun/endurnýtingu og endurnotkun/endurvinnslu sem eru sett fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32ec (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/138/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32ed. **32005 D 0293**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/293/EB frá 1. apríl 2005 um nákvæmar reglur um eftirlit með markmiðum um endurnotkun/endurnýtingu og endurnotkun/endurvinnslu sem eru sett fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki (Stjtíð. ESB 94, 13.4.2005, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/293/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. janúar 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 94, 13.4.2005, bls. 30.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.